

B.2 Skilmálar um sölumælingar og uppgjör.

1. Inngangur

- 1.1 Skilmálar þessir fjalla um hvernig staðið skuli að sölumælingum og uppgjöri fyrir flutning raforku og jöfnunarorku
- 1.2 Skilmálar þessir eru settir á grundvelli heimildar í 6. mgr. 9. gr. raforkulaga nr. 65/2003 með síðari breytingum (hér eftir nefnd raforkulög) til fyllingar ákvæðum reglugerðar nr. 1150/2019 um raforkuviðskipti og mælingar ásamt síðari breytingum.
- 1.3 Skilmálar þessir hafa verið staðfestir af Orkustofnun sbr. 6 mgr. 9. gr raforkulaga.

2. Skilgreiningar

Eftirfarandi skilgreiningar gilda fyrir skilmála þessa:

- 2.1 *Afhendingarstaður*: er staður í flutnings- eða dreifikerfi þar sem innmötun eða úttekt raforku fer fram.
- 2.2 *Dreifiveita*: er fyrirtæki sem er skilgreint sem slíkt í raforkulögum.
- 2.3 *Flutningsfyrirtæki*: er fyrirtæki sem er skilgreint sem slíkt í raforkulögum.
- 2.4 *Flutningskerfi*: er kerfi eins og það er skilgreint í raforkulögum.
- 2.5 *Jöfnunarorka*: er orka eins og hún er skilgreind í reglugerð 513/2003.
- 2.6 *Jöfnunarábyrgðaraðili (Ábyrgðaraðili jöfnunarorku)*: sá aðili sem ábyrgist með skriflegum samningi við kerfisstjórn Landsnets að jafnvægi sé milli öflunar raforku, þ.e. raforkuframléiðslu og raforkukaupa annars vegar, og ráðstöfunar, þ.e. sölu og notkunar hins vegar.
- 2.7 *Mælibúnaður*: er safnheiti yfir allan nauðsynlegan búnað til að mæla raforkunotkun. Til mælibúnaðar teljast m.a. raforkumælur, straumspennar, spennuspennar, tímarofar, mælitaugar, einangrun, varnarbúnaður, gagnasafnverk og samskiptabúnaður.
- 2.8 *Mælistaður*: er sá staður í dreifikerfi eða flutningskerfi þar sem mæling fer fram.
- 2.9 *Notkunarferill*: er mismunur heildarorkuúttektar á notkunarferilssvæði á klukkustund annars vegar og tímamældrar notkunar einstakra notanda. Töp í raforkukerfinu teljast hluti af notkunarferli.
- 2.10 *Raforkumælir*: er mælir sem ætlaður er til að mæla raun- eða launorku og er notaður til uppgjörs raforku.
- 2.11 *Söluþyrirtæki*: er fyrirtæki sem er skilgreint sem slíkt í raforkulögum.
- 2.12 *Stórnotandi*: er notandi eins og hann er skilgreindur í raforkulögum.
- 2.13 *Viðskiptavinur Landsnets*: eru dreifiveitur, stórnótendur, virkjanir og þeir aðilar sem hafa leyfi samkvæmt raforkulögum að stunda viðskipti með raforku.
- 2.14 *Vinnslufyrirtæki*: er fyrirtæki sem er skilgreint sem slíkt í raforkulögum.

3. Almenn

- 3.1 Skilmálar þessir gilda fyrir Landsnet og viðskiptavini Landsnets vegna uppgjörs á flutningi á raforku og hvernig standa ber að þeim mælingum sem uppgjör byggja á.
- 3.2 Kostnaður notanda flutningskerfisins er reiknaður út frá gjaldskrá Landsnets á grundvelli fyrrnefnds uppgjörs.

4. Rafræn samskipti

- 4.1 Skilmáli B.7 um mæligögn, notkunarferla og notkunarferlauppgjör gildir um auðkenni mælistaða, mæli- og uppgjörsgögn og miðlun uppgjörsgagna

5. Skyldur Landsnets

- 5.1 Landsnet ber ábyrgð á mælingu raforku inn á og út af flutningskerfinu en í því felst meðal annars skylda til að annast uppsetningu, rekstur og viðhald mælibúnaðar, söfnun, leiðréttingu, staðfestingu og vistun mæligagna auk dreifingar mæligagna til viðkomandi aðila.
- 5.2 Landsnet annast uppgjör jöfnunarorku skv. skilmála B.3 um öflun reglunarafls og uppgjör jöfnunarorku.
- 5.3 Landsnet annast notkunarferlauppgjör skv. skilmála B.7 um mæligögn, notkunarferil og notkunarferilsuppgjör.
- 5.4 Landsnet annast flutningsuppgjör skv. kafla 10 í þessum skilmála.

6. Skyldur dreifiveitna

- 6.1 Dreifiveita ber ábyrgð á mælingu raforku á dreifiveitusvæði sínu.
- 6.2 Vísað er til skilmála *B.7 um söfnun og miðlun gagna* og til skilmála *B.6 um samskipti aðila með gögn*.
- 6.3 Vísað er til reglugerðar 1150/2019 um raforkuviðskipti og mælingar.

7. Skyldur stórnotenda

- 7.1 Vísað er til ákvæða um skyldur stórnotenda í skilmála *B.4 um afhendingu rafmagns til stórnotenda*.
- 7.2 Vísað er til skilmála *B.7 um söfnun og miðlun gagna* og til skilmála *B.6 um samskipti aðila með gögn*.

8. Skyldur sölufyrirtækja og vinnslufyrirtækja

- 8.1 Vísað er til skilmála *A.1 kafla 4 Réttindi og skyldur viðskiptavina Landsnets*.
- 8.2 Vísað er til skilmála *B.7 um söfnun og miðlun gagna* og til skilmála *B.6 um samskipti aðila með gögn*.
- 8.3 Vísað er til reglugerðar 1150/2019 um raforkuviðskipti og mælingar

9. Mælingar og mælibúnaður

- 9.1 Landsnet ber ábyrgð á mælingu raforku inn á og út af flutningskerfinu samanber grein 5.1.
- 9.2 Landsnet skal tryggja að mælabúnaður í flutningskerfinu sem notaður er til uppgjör á raforku uppfylli kröfur reglugerðar nr. 1150/2019 um raforkuviðskipti og mælingar.
- 9.3 Landsnet heldur skrá yfir mælibúnað sem notaður er til uppgjör sem og prófunarvottorð. Viðskiptavinir geta óskað eftir gögnum og farið fram á prófanir ef rökstuddur grunur liggur fyrir um ranga mælingu.
- 9.4 Vinna sem hefur áhrif á mæliniðurstöður er skráð.
- 9.5 Landsnet ber ábyrgð á kvörðun og eftirliti raforkumæla.
- 9.6 Leiðréttingar á mæligögnum eru skráðar og rekjanlegar.
- 9.7 Mælistaður skal vera sá staður í flutningskerfinu sem tilgreindur er sem afhendingarstaður í viðkomandi tengisamningi. Nota má tímabundið annan mælistað en skilgreindur er í tengisamningi, ef hluti mælibúnaðar er ekki til staðar svo sem straum- og/eða spennuspennar.
- 9.8 Landsnet skal hafa greiðan aðgang að mælibúnaði. Óheimilt er að eiga við mælibúnað, nema í samráði við sölumælingar hjá Landsneti.
- 9.9 Þegar stórnotandi fær afhent í gegnum dreifiveitu skal mælingum háttáð skv. skilmála *B9 fyrir stórnotendur á lægri spennu en 132 kV*.

10. Uppgjör flutnings, kerfisþjónustu og flutningstapa

- 10.1 Landsnet annast uppgjör fyrir flutning á raforku, kerfisþjónustu og töp í flutningskerfinu skv. gjaldskrá Landsnets.
- 10.2 Uppgjörið er framkvæmt mánaðarlega, í upphafi mánaðar þegar gögn liggja fyrir um nýliðinn mánuð sem er til uppgjör.
- 10.3 Í upphafi árs eru afltoppar áætlaðir fyrir flutningsuppgjör komandi árs.
- 10.4 Í upphafi árs er unnið lokauppgjör fyrir liðið ár þar sem meðal annars mánaðarleg uppgjör eru yfirfarin, árs afltoppur til innheimtu reiknaður og leiðrétt er fyrir áætluðum árs afltoppum.
- 10.5 Ársuppgjórið skal liggja fyrir 15. janúar.
- 10.6 Heimilt er að lagfæra uppgjör vegna mæliskekkju eða villu í uppgjöri.

11. Uppgjör jöfnunarorku

- 11.1 Landsnet annast uppgjör jöfnunarorku sem er unnið eins og lýst er í skilmála *B.3 um öflun reglunarafis og uppgjör jöfnunarorku*.
- 11.2 Uppgjörið er framkvæmt mánaðarlega, í upphafi mánaðar fyrir nýliðinn mánuð. Við uppgjör jöfnunarorku er notast við áætlaða notkunarferlaafhendingu sem fæst út frá áætluðum hlutfallstölum jöfnunarábyrgðaraðila.
- 11.3 Heimilt er að gera breytingar á mæliröðum sem snerta jöfnunarorkuuppgjör 6 mánuði aftur í tímann. Ef breytingar eru gerðar á mæliröðum sem snerta jöfnunarorkuuppgjör þá er gerð leiðrétting á uppgjörinu.

12. Uppgjör notkunarferla

- 12.1 Uppgjörið er mánaðarlegt uppgjör á notkunarferilsafhengingu jöfnunarábyrgðaraðila 15 mánuðum eftir afhendingarmánuð. Þá á endanleg hlutfallstala að liggja fyrir sem er hlutur (kWh) jöfnunarábyrgðaraðila í notkunarferli hvers notkunarferilssvæðis. Er endanlega hlutfallstalan reiknuð út frá mældri (álesinni) lotudreifðri notkun í mælistöðum sem jöfnunarábyrgðaraðili ber ábyrgð á sölu til.
- 12.2 Uppgjörsorka notkunarferla fyrir hvern jöfnunarábyrgðaraðila er mismunur endanlegrar og áætlaðrar notkunarferilsafhendingar. Við notkunarferlauppgjör er notast við uppgjörsorkuverð notkunarferla sem er meðalverð jöfnunarorku í þeim mánuði sem er til uppgjörs.

13. Greiðsluskilmálar

- 13.1 Greiðslur fyrir þjónustu Landsnets skulu inntar af hendi mánaðarlega í samræmi við uppgjör sem lýst er í greinum 10.1 til 10.3.
- 13.2 Nánar er fjallað um greiðsluskilmála Landsnets í gr. 6 í skilmála A.1 um flutning rafmagns og kerfisstjórnun.

14. Ábyrgð

- 14.1 Ákvæði almennra skilmála um flutning raforku og kerfisstjórnun (*nr. A.1*) varðandi ábyrgð skulu einnig gilda hér.

15. Óviðráðanleg atvik

- 15.1 Ákvæði almennra skilmála um flutning raforku og kerfisstjórnun (*nr. A.1*) varðandi óviðráðanleg öfl skulu einnig gilda hér.

16. Brot á skilmálum

- 16.1 Heimilt er að óska eftir því að Orkustofnun aðhafist á grundvelli VII. og VIII. kafla raforkulaga ef brotið er gegn skilmálum þessum.

17. Eftirlit og úrræði

- 17.1 Orkustofnun hefur eftirlit með því að fyrirtæki starfi samkvæmt raforkulögum og fullnægi þeim skilyrðum sem um starfsemina gilda samkvæmt lögum, reglugerðum og skilmálum þessum.
- 17.2 Komi upp ágreiningur um framkvæmd eða túlkun ákvæða skilmála Landsnets skulu aðilar leitast við að leysa þann ágreining.
- 17.3 Komi upp ágreiningur um framkvæmd eða túlkun ákvæða skilmála Landsnets skal í þeim tilvikum þar sem Orkustofnun hefur úrskurðarvald á grundvelli VII. kafla raforkulaga leita úrlausnar stofnunarinnar og úrskurðarnefndar raforkumála þar sem það á við. Úrskurði úrskurðarnefndar má vísa til dómstóla skv. 30 gr. VII. kafla raforkulaga.
- 17.4 Heyri úrlausn ágreinings ekki undir Orkustofnun má vísa málinu til úrlausnar Héraðsdóms Reykjavíkur.

18. Tilvísanir

- 18.1 Almennir skilmálar A.1 um flutning rafmagns og kerfisstjórnun.
- 18.2 B.3 Skilmálar um öflun reglunarafis og uppgjör jöfnunarorku.
- 18.3 B.4 Skilmálar um afhendingu rafmagns til stórnotenda.
- 18.4 B.6 Skilmálar um samskipti milli aðila á raforkumarkaði með grunn-, mæli- og uppgjörsgögn.
- 18.5 B.7 Skilmálar um mæligögn, notkunarferla og notkunarferlauppgjör.
- 18.6 B.9 Skilmálar um afhendingu rafmagns til stórnotenda á lægri spennu en 132 kV.